



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

Reykjavík, 14. ágúst 2018
VEL2018080010

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna um kaup/leigu á bráðabirgðarhúsnæði fyrir þá sem eru á bið eftir félagslegu leiguhúsnæði.

Á velferðarráðsfundi, þann 10. ágúst 2018, var lögð fram tillaga Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna um kaup/leigu á bráðabirgðahúsnæði fyrir þá sem eru á bið eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að óska eftir fjárveitingu til kaupa/leigu á húsnæði, t.d. gistiheimili þar sem hægt er að útbúa allt að 25 rúmgóð herbergi/einstaklingsíbúðir með sér salerni og eldhúskrók, sem neyðarhúsnæði fyrir einstaklinga á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Enn fremur er óskað eftir 22 mkr. í kostnað vegna húsvörslu og stuðnings við íbúa.

Samþykkt.

Greinargerð fylgir tillögu.

Fulltrúi Flokk fólksins situr hjá við afgreiðslu málsins og leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins telur að ljúka þurfi heildstæðri rekstrarúttekt á Félagsbústöðum áður en fyrirtækinu verði falið að kaupa eða leigja frekara húsnæði. Flokki fólksins finnst því betra að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar verði falið að kaupa eða leigja húsnæði til fólks sem er á biðlista eftir félagslegu húsnæði frekar en Félagsbústaðir þar til að rekstrarúttektinni er lokið.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú hefur velferðarráð óskað eftir fjárveitingu til að kaupa eða leigja húsnæði þar sem hægt verður að útbúa allt að 25 rúmgóð herbergi eða einstaklingsíbúðir sem nýta má sem neyðarhúsnæði fyrir einstaklinga sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði, verkefnið er viðbót við þau úrræði sem þegar eru í undirbúningi. Nú þegar hefur húsnæðisúræðum fjölgað um 138 á vegum Reykjavíkurborgar frá því í ágúst 2017. Það er því alrangt að Reykjavíkurborg hafi ekki brugðist við þessum vanda.

Tillagan er hér með lögð fyrir borgarráð til samþykktar.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

Reykjavík, 10. ágúst 2018
334. fundur

Lagt fyrir fund velferðarráðs 10. ágúst 2018

Tillaga

Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að óska eftir fjárveitingu til kaupa/leigu á húsnæði, t.d. gistiheimili þar sem hægt er að útbúa allt að 25 rúmgóð herbergi/einstaklingsíbúðir með sér salerni og eldhúskrók, sem neyðarhúsnæði fyrir einstaklinga á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Enn fremur er óskað eftir 22 mkr. í kostnað vegna húsvörslu og stuðnings við íbúa.

Greinargerð:

1. júlí 2018 voru 985 einstaklingar á bið eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði. Af þeim voru 72% einstaklingar eða 452 karlar og 260 konur. Mikill meirihluti fólks á listanum eða 73% var óvinnufær þ.e. öryrkjar, sjúklingar eða lífeyrisþegar. 150 voru skráðir án fastrar búsetu.

Félagsbústöðum eða skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar verði falið að kaupa eða leigja húsnæði. Gera þarf ráð fyrir fjármagni til að niðurgreiða húsaleigu og kostnað við breytinga á húsnæði. Forsendur gera jafnframt ráð fyrir allt að tveimur stöðugildum til að sinna húsvörslu og stuðningi við íbúa, alls 22 mkr. á ári. Ekki er fjárheimild í ramma velferðarsviðs fyrir þessum viðbótarkostnaði þ.e. hvorki vegna kaupa á húsnæði, breytingum, niðurgreiðslu húsaleigu né vegna stöðugilda.